




III. UPPDRÁTTUR Á NÆRSVÆÐI FLUGVALLAR



ADALSKIPULAG FLÍOTS DALSHÉRAÐS

SKÝRINGAR / SKILMÁLAR

C. Svæði með hæðartakmörkunum (hindranafletir)

Á uppdráttum II og III er gerð grein fyrir hindranafötum flugvallarins sem felja í sér hæðartakmarkanir á hvers konar mannvirkjum eða gröðri innan og í nágrenni við flugvallarsvæðið og á áhrifsvæði þess. Með áhrifsvæði flugvallar og nágrenni flugvallar er átt við svæði undir hindranafötum. Byggja hindranafletir þessir og skilgreining þeirra á alþjóðlegum skuldbindingum (Chicago samningnum), lögum um loftferðir nr. 60/1998 og reglugerð um flugvelli.







Öheimilt er að reisa hvers konar mannvirkni, tímabundið eða varanlega, upp fyrir hindranafleti flugvallarins sem gerð er grein fyrir á uppdráttum II og III nema að fengnu samþykki Samgöngustofu að undangenginni umsögn rekstraraðila flugvallarins.

Erindum um slíkar undanþágur skal beina til rekstraraðila flugvallarins sem sendir erindið til endanlegrar afgreiðslu Samgöngustofu með umsögn sinni. Leita skal slíks samþykkis við gerð deiliskipulags. Skal deiliskipulag þar sem gert er ráð fyrir slíkum frávikum sent til umsagnar áður en tillagan er auglýst. Sé um einstaka byggingarleyfisumsókn að ræða, á svæði þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag, skulu aðslupdrættir sendir til umsagnar þegar byggingarleyfisumsókn hefur verið lögð inn til byggingarfulltrúa. Rekstraraðili flugvallarins getur óskað eftir sérstöku áhættumati vegna slíkra undanþágubeiðna sem uminn skal á kostnað umsækjanda.

Ef um tímabundna hindrun er að ræða er rekstraraðili flugvallarins heimilt að afgreiða málið án aðkomu Samgöngustofu. Stofnuninni skal þó ávallt tilkynnt um slíkar afgreiðslur. Hafni rekstraraðili flugvallar umsókn um tímabundna hindrun getur umsóknaraðili skotið slíki afgreiðslu til ákvörðunar Samgöngustofu.

Samgöngustofa getur krafist lýsingar á fleiri byggingar teiji hún staðsetningu þeirra varða flugöryggi. Þegar svæði eru skipulögð eða þegar áætlinn er að veita byggingarleyfi án þess að fyrir liggja skipulag eða á grundvelli skipulags þar sem ekki hefur verið tekið tillit til þessara reglna, skal ávallt leita umsagnar rekstraraðila flugvallarins. Sé umsögn rekstraraðila flugvallarins neikvæð skal hann beina erindinu til afgreiðslu Samgöngustofu.

Hindranafletir skiptast í eftirfarandi flokka:

-  **Aðflugsfletir**
Hallandi fletir út frá flugbrautarendu. Upphafsbreidd 300 m sem byrjar 60 metrum frá brautarendu og gleikkar út um 15% (1:6,67). Halli flatarins er 2% (1:50) fyrstu 3.000 metrana síðan 2,5% (1:40) næstu 3.600 m, síðan kemur láréttur flötur sem nær 8.000 m. Samtals er flöturinn 15.000 m langur.
-  **Flugtaksfletir**
Hallandi fletir út frá flugbrautarendu. Upphafsbreidd 180 m sem byrjar 60 metrum frá brautarendu og gleikkar út um 12,5% (1:8) þar til breidd hans er orðin 1.200 m þá eykst breiddin ekki frekar, heildarlengd flatarins er 15.000 m. Halli flatarins er 2,0% (1:50)
-  **Skáfletir**
Liggja út frá öryggissvæðum til hliðar við brautir og enda við aðflugsfleti, halli 14,3% (1:7) frá brún öryggissvæðis og upp að lárétta fletinum.
-  **Lárétt svæði**
Svæði 47,18 m y.s. sem nær í 4.000 m radius út frá brautarendum og til hliðar við flugbrautir.
-  **Keilufötur**
Hallandi flötur, 5% (1:20), upp frá útrúni lárétta svæðisins og nær 100 m upp fyrir hann.
-  **Land upp úr hindranafleti**
Engin mannvirkni heimil nema með samþykki rekstraraðila flugvallarins.

Reglur þessar voru auglýstar til kynningar og samhlíða athugasemdafrestir frá

_____ til _____ 20__

Innanríkisráðherra samþykkti reglur þessar með undirskrift sinni þann

_____ 20__.

Auglýsing um gildistöku reglna þessara birtist í Lögbirtingablaðinu þann

_____ 20__ og öðluðust þær gildi þann dag.



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

LANDSLÖG | ARKÍŚ
DOKUMENT

